

Til þess sem málið varðar

Reykjavík, 21. mars 2017.

Mál nr. 1702547

Breyting á A deild Brúar lífeyrissjóðs vegna breytinga á lögum um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, nr. 1/1997.

Með setningu laga nr. 127/2016 var lögum um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins breytt og hefur sú lagabreyting áhrif á A deildar Brúar lífeyrissjóðs en helstu breytingarnar eru eftirfarandi og taka þær gildi 1. júní 2017:

1. Réttindaávinnsla A deildar er breytt úr jafnri réttindaávinnslu yfir í aldurstengda réttindaávinnslu.
2. Lífeyrisaldur samræmdur við almennan vinnumarkað og verður 67 ár.
3. A deild er viðhaldið og þeir sem greiða áfram iðgjald til sjóðsins fara yfir í aldurstengda réttindaávinnslu en mismunur á réttindum í jafnri og aldurstengdri ávinnslu er greiddur með sérstöku framlagi, lífeyrisauka, sem launagreiðendur, sveitarfélög, og ríki greiða inn til sjóðanna.
4. Nýir sjóðfélagar frá 1. júní 2017 fara beint í aldurstengda réttindaávinnslu.
5. Launagreiðendur, ríki og sveitarfélög greiða einnig til sjóðanna framlag í varúðarsjóð.
6. Mótframlag launagreiðanda lækkar úr 12% í 11,5% þann 1. júní 2017.
7. Réttindi þeirra sem byrjaðir eru á lífeyri þann 31. maí í 2017 og þeirra sem verða 60 ára á sama tíma verða ekki skert eða aukin þó svo til skerðingar eða réttindaaukningar komi hjá öðrum sjóðfélögum. Launagreiðendur, sveitarfélög og ríkissjóður gera sérstaklega upp fjárhagsleg áhrif vegna þessara sjóðfélaga við sjóðinn.

Samkvæmt samkomulagi ríkis og sveitarfélaga er það sameiginlegt mat að í ljósi fjárhagsstöðu ríkissjóðs annars vegar og sveitarfélaga hins vegar sé það í þágu settra markmiða um opinber fjármál að ríkissjóður taki yfir um 23,6 ma.kr. af þeim skuldbindingum sem sveitarfélögin hefðu ella borið vegna fjárfraamla til A deildar LSR. Hér er að stærstum hluta um að ræða lífeyrisskuldbindingar vegna grunnskólakennara. Samkomulagið gerir jafnframt ráð fyrir að ríkið eigi endurkröfurétt gagnvart þeim sveitarfélögum sem ekki gera upp skuldbindingar sínar gagnvart Brú lífeyrissjóði.

Lífeyrisaukasjóður sem fer til Brúar lífeyrissjóðs er samtala af áfallinni tryggingafræðilegri stöðu sjóðsins og reiknaðri framtíðarskuldbindingu. Við vinnslu framangreindra laga var áætlað að lífeyrisaukasjóðurinn fyrir A deild Brúar næmi um 36,5 ma.kr. og varúðarsjóðurinn 2,6 ma.kr. Í samþykktum sjóðsins verður gerð frekari grein fyrir lífeyrisaukasjóðnum og varúðarsjóðnum.

Með fullri fjármögnun framtíðarskuldbindinga er hér horfið frá óbeinni bakábyrgð launagreiðenda sem felst í skyldu til að greiða hærra iðgjald sé sjóðurinn í halla og jafnframt hefur náðst að leiðrétta kerfisbundna skekkju vegna óhagstæðrar aldurssamsetningar sjóðfélaga.

Hjá Brú lífeyrissjóði er unnið að undirbúningi á uppgjöri við launagreiðendur um lífeyrisaukasjóð og varúðarsjóð en uppgjörið sjálf mun taka mið af stöðu A deildar sjóðsins þann 31. maí 2017. Uppgjörið mun skiptast í þrennt;

1. Uppgjör á halla áfallinna lífeyrisskuldbindinga 31. maí 2017.
2. Uppgjör á reiknuðum framtíðarskuldbindingum frá 31. maí 2017.
3. Uppgjör á varúðarsjóði.

Starfsmenn sjóðsins munu á næstu vikum hafa samband við sveitarfélög og aðra launagreiðendur þar sem farið verður yfir frekari útfærslu á framangreindu uppgjöri.

Frekari upplýsingar veitir Gerður Guðjónsdóttir framkvæmdastjóri Brúar lífeyrissjóðs, s. 5400700 eða á netfanginu gerdur@lifbru.is